Kolla & kúltúrinn



kolbrun@bladid.net

Ég er tilbúinn að mæta skapara mínum en hvort hann er búinn undir þá miklu eldraun að mæta mér er annað mál.
Winston Churchill



Afmælisbörn dagsins
MAURICE CHEVALIER SÖNGVARI, 1888
JESSE OWENS ÍÞRÓTTAMAÐUR, 1913
H.L. MENCKEN BLAÐAMAÐUR, 1880




Afhending *Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, menntamálaráðherra, tekur við fimm binda bókmenntasögu Máls og menningar úr hendi Páls Valssonar, útgáfustjóra.*

Bókmenntasagan til okkar daga

Hjá Máli og menningu eru komnar út bækurnar Íslensk bókmenntasaga IV og V. Með útkomu þessara tveggja bóka er þessu fimm binda stórvirki loksins lokið, en fyrsta bindið kom út árið 1992. Þar með er komið út í heild sinni ítarlegasta yfirlitsrit um íslenska bókmenntasögu sem út hefur komið á íslensku. Í fjórða og fimmta bindi er rakin saga íslenskra bókmennta frá öndverðu til samtímans, frá Völuspá til Andra Snæs, á afar greinargóðan og upplýsandi hátt.

Höfundar efnis eru allir gagnmenntaðir fræðimenn, virtir á sínu sviði og hafa skrifað fjölda bóka og greina: Árni Ibsen, bókmenntafræðingur og skáld, dr. Dagný Kristjánsdóttir, dósent við Háskóla Íslands, Guðmundur Andri Thorsson, bókmenntafræðingur og rithöfundur, sem einnig ritstýrir verkinu, Jón Yngvi Jóhannsson M.A., Halldór Guðmundsson mag. art., Magnús Hauksson, cand. mag. og lektor, dr. Árni Sigurjónsson bókmenntafræðingur, Magnús Þór Þorbergsson leikhúsfræðingur, Margrét Tryggvadóttir bókmenntafræðingur, Matthías Viðar Sæmundsson, bókmenntafræðingur og rithöfundur, og Silja Aðalsteinsdóttir, cand.mag. og rithöfundur.





Blaðið/Frikki

Ný sýningarstefna hjá Listasafni Reykjavíkur

Nýjustu straumar í samtímalist

Hafþór Yngvason, safnstjóri hjá Listasafni Reykjavíkur, boðar nýja sýningarstefnu listasafnsins. Þáttur í henni er sýningin Pakkhús postulanna sem segja má að sé ný innspýting í íslenskt myndlistarlíf.

„Ég tók við starfi safnstjóra 1. september 2006 og þá var búið að ákveða sýningar í safninu ár fram í tímann, eins og eðlilegt er fyrir svo stóra stofnun. Mín sýningardagskrá hefst núna," segir Hafþór. Þegar hann er spurður um áherslur segir hann: „Fram að þessu hefur sama sýningardagskrá verið rekin á Kjarvalsstöðum og í Hafnarhúsinu en ég vil gera mun á sýningarstefnu þeirra. Hugmynd mín er að Hafnarhúsið verði með nýjustu strauma í samtímalist, leggi áherslu á það sem er að gerast í núinu og bjóði inn tilraunastarfsemi. Á Kjarvalsstöðum verður hins vegar lögð áhersla á hefðbundnari miðla, vandað málverk og hönnun. Þetta er aðalbreytingin. Síðan verður að fylgja þessu eftir með sýningardagskrá þannig að fólk fái tilfinningu fyrir því hvert það eigi að fara til að sjá hvað."

Önnur aðkoma

Hafþór fór til Bandaríkjanna árið 1982, þegar hann var 25 ára gamall, í framhaldsnám í heimspeki og síðan í listasögu. „Ég var 23 ár erlendis. Þegar ég kom aftur til Íslands var ný kynslóð af listamönnum að gera mjög vandaða hluti í listinni en hafði ekki sýnt verk sín í Listasafninu. Mér fannst ferskleikinn og tilraunastarfsemin liggja þarna og vildi bjóða þessum listamönnum inn í safnið með verk sín.

Menn hafa mismunandi smekk á list og það er til fólk sem hefur ekki mikinn áhuga á tilraunastarfsemi, innsetningum, gjörningum og slíku heldur vill sjá vandaða málverkasýningu. Kjarvalsstaðir eru mjög vel hannaðir fyrir slíkar sýningar enda er staðurinn beinlínis teiknaður fyrir þær. Það er ekki svo auðvelt að sýna málverk í Listasafni Reykjavíkur. Hér er gróft rými, naktir steinveggir og mikið af súlum sem drepa málverkið. Hérna þarf aðra aðkomu."

Ný kynslóð

Sýningin Pakkhús postulanna markar fyrstu sporin í stefnu Hafþórs. „Ég stofnaði til þessarar sýningar með það í huga að koma nýrri kynslóð á framfæri," segir Hafþór. „Ég áttaði mig á því að til að geta gert góða sýningu með þessari nýju kynslóð þá þyrfti ég að fá til samstarfs þátttakendur í því sem þar er að gerast. Ég var svo heppinn að finna tvo unga listamenn, Daníel Björnsson og Hugin Þór Arason sem eru af þessari kynslóð og með puttann í púlsinum. Þeir gengu til samstarfs og fengu töluvert frjálsræði og rými til að vinna að þessari sýningu og völdu listamennina. Oft eru sýningar úr grasrótinni settar saman með nokkurra vikna fyrirvara og þá er kastað til höndunum en þarna fengu Daníel og Huginn níu mánuði til að vinna að sýningunni og þroska hana með listamönnunum. Við gáfum listamönnunum fjármagn þannig að þeir höfðu bæði tíma og peninga til að vinna að verkunum. Það hefur skilað sér í vönduðum vinnubrögðum."

Listamennirnir sem verk eiga á sýningunni Pakkhús postulanna eru: Ásdís Sif Gunnardóttir, Björk Guðnadóttir, Davíð Örn Halldórsson, Helgi Þórsson, Hrafnhildur Arnardóttir, Ingibjörg Magnadóttir, Kristín Eiríksdóttir, Magnús Árnason, Ragnar Kjartansson, Sigga Björg Sigurðardóttir og Sirra Sigrún Sigurðardóttir.

Hafþór Yngvason. „Hugmynd mín er að Hafnarhúsið verði með nýjustu strauma í samtímalist, leggi áherslu á það sem er að gerast í núinu og bjóði inn tilraunastarfsemi."



menningarmolinn

Elizabeth Barrett gift-ist Robert Browning

Á þessum degi árið 1846 strauk Elizabeth Barrett frá heimili sínu og hélt til kirkju þar sem hún gekk í hjónaband með Robert Browning. Elizabeth sneri síðan heim og hélt hjónabandinu leyndu fyrir strönguum föður sínum. Viku seinna flúði hún með Browning til Ítalíu.

Elizabeth Browning var þekkt skáldkona þegar hún kynntist Robert Browning sem hafði nýlega gefið út umdeilda ljóðabók. Þau urðu yfir sig ástfangin en harðlyndur faðir skáldkonunnar lagðist eindregið gegn sambandi þeirra. Eftir flóttann til Ítalíu hitti Elizabeth föður sinn ekki framar og hann neitaði öllum bréfaskriftum við hana.

Meðan Elizabeth var lífs naut hún mun meiri viðurkenningar fyrir skáldskap sinn en eiginmaðurinn, en ljóð hans hlutu seinna viðurkenningu gagnrýnenda. Elizabeth, sem var alla tíð heilsuveil, lést í örmum eiginmanns síns árið 1861.

